

BÍÓ

295. tbl. ágúst 2018

MISSION: IMPOSSIBLE
FALLOUT



MISSION: IMPOSSIBLE
FALLOUT

SOME MISSIONS ARE NOT A CHOICE



CHICAGO TOWN™



MARK WAHLBERG

NÝTT
Í BÍO
FRUMSÝND
15. ÁGÚST

OPTION 1: DIPLOMACY
OPTION 2: MILITARY
MEET OPTION 3

FROM THE DIRECTOR OF 'LONE SURVIVOR'

MILE 22

LAUGARÁS
BARALÚXUS



SMÁRA
BÍO

HÁSKÓLA
BÍO

BORGAR
BÍO

H.BROTHERS
華 誼 兄 弟

THIS FILM IS NOT YET RATED

STX
films

Komum heil heim

Ágúst er runninn upp og um leið mesta ferðahelgi ársins og því er full ástæða til að minna fólk á enn einu sinni að fara sér hægt um gleðinnar dyr, aka varlega og umfram allt, koma heil heim á sál og líkama. Það er einfaldlega aldrei of varlega farið.

Að því sögðu þá verður ágúst ákaflega góður bíómánuður sem byrjar með hvelli þegar Tom Cruise og félagar mæta á svæðið í mynd sem er þegar orðin umtöluð sem ein besta hasarmynd allra tíma, *Mission Impossible: Fallout*. Þess utan er dagskráin auðvitað sneisafull af öðrum fínum myndum úr öllum áttum þannig að það mun engum leiðast sem skellir sér í bíó á næstunni. Hér er dagskráin:

1. ágúst	Mission Impossible: Fallout	Bls. 14
8. ágúst	The Spy Who Dumped Me	Bls. 16
8. ágúst	Úlfhundurinn	Bls. 18
10. ágúst	Christopher Robin	Bls. 19
15. ágúst	Mile 22	Bls. 20
17. ágúst	The Meg	Bls. 22
22. ágúst	Happytime Murders	Bls. 24
22. ágúst	Slender Man	Bls. 25
24. ágúst	Crazy Rich Asians	Bls. 26
29. ágúst	Alpha	Bls. 27
31. ágúst	Kin	Bls. 28

Og eins og alltaf hvetjum við lesendur til að kíkja einnig á DVD- og VOD-útgáfuna sem finna má hinum megin í blaðinu auk kynningar á tveimur nýjum tölvuleikjum.

- Góða skemmtun!

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá tjaldið og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna pínulítið tjald sem einhver gleymdi inni á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þetta: 🏠

Ef þú finnur tjaldið og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem tjaldið er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og póstnúmer með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. ágúst**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölublaði sem kemur út í lok ágúst.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu hvolfinn:

Bjartur Orri Jónsson, Þinghólsbraut 30, 200 Kópavogi
Linda Linnét, Álakvísl 14, 110 Reykjavík
Oliver Sigurjónsson, Lindasmára 54, 201 Kópavogi
María Björk Sigurpálsdóttir, Skógarhæð 6, 210 Garðabæ
Ingvar Sigurðsson, Skipasundi 3, 104 Reykjavík

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

295. tbl. ágúst 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturliði Óskarsson


Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök



**SVALT OG
SYKURLAUST**





Þrjár síðustu frumsýningar bíóhúsanna í júlí eru *Mamma Mia: Here We Go Again*, *The Equalizer 2* og *Hereditary*.



Þegar þetta blað kemur út er júlímánuður svo gott sem á enda runninn og hefur verið boðið upp á fjölbreytta skemmtun í bíó í mánuðinum, eins og t.d. *Ant-Man and the Wasp*, *Ævintýraferð fakírsins sem festist inni í IKEA-skáp*, *Hótel Transylvania 3: Sumarfríð*, *Skyscraper*, *Mamma Mia! Here We Go Again*, *The Equalizer 2* og *Hereditary*. Framundan er svo ágústveislan sem kynnt er nánar hér aftar í blaðinu, en segja má að hún hefjist strax um helgina sem þetta blað kemur út þegar nýjasta *Mission Impossible*-myndin

Fallout verður forsýnd fyrir þá allra spenntustu. Þeir ættu reyndar að vera margir því *Fallout* hefur verið að fá frábæra dóma og þykir gera atlögu að toppsætinu yfir bestu hasarmyndir allra tíma. Hún á því nokkuð örugglega eftir að slá einhver aðsóknarmet í ágúst.

Hvað sá konan í glugganum?

Eftir að hafa gert það gott með *Darkest Hour* er leikstjórinn Joe Wright kominn á fullt við gerð sinnar næstu myndar. Hún heitir *The Woman in the Window* og er gerð eftir samnefndri fyrstu bók rithöfundarins A.J. Finn sem kom út í janúar sl. og rauk beint á topp metsölulistanna í Bandaríkjunum eftir að hafa fengið frábæra dóma og hylli sem einn besti þriller síðari ára. Bókin var fljótlega þýdd á fjölda tungumála, þar á meðal á íslensku af Friðriku Benónýsdóttur.

Sagan er í stuttu máli um konu, Önnu Fox, sem hefur ekki yfirgefið hús sitt í meira en tíu mánuði. Dag einn flytur ný fjölskylda í húsið beint á móti hennar húsi og heillar Önnu því hún minnir hana á fjölskylduna sem hún átti eitt sinn sjálf. Eitt kvöldið er ánægjan þó rofin þegar óhugnanlegt óp og atvik sem Anna verður vitni að setur allt á annan endann í lífi hennar. En hvað var það sem hún sá?



Með hlutverk Önnu Fox fer Amy Adams og í aðalkarhlutverkinu er Gary Oldman sem fór einmitt með hlutverk Winstons Churchill í *Darkest Hour*, og hlaut fyrir það ómælt lof og óteljandi verðlaun. Hermt er að Julianne Moore leiki líka í myndinni, svo og Wyatt Russel, en nöfn annarra leikara hafa ekki verið birt. Reiknað er með að myndin verði frumsýnd 19. október á næsta ári, en þess má geta að Joe Wright er þegar kominn með þarnæsta verkefni sitt á hreint, myndina *Stoner* eftir samnefndri bók Johns Williams. Meira um hana síðar.

Fyrsta stiklan úr *Glass* frumsýnd

Leikstjórinn M. Night Shyamalan frumsýndi á dögunum fyrstu stikluna úr mynd sinni *Glass*, og er óhætt að segja að hún hafi vakið athygli. Eins og þeir vita sem fylgjast með í kvikmyndaheiminum eru það gamlir kunningjar sem eiga sviðið í *Glass*, þ.e. hinn brot-hætti Elijah Price og öryggisvörðurinn David Dunn úr myndinni *Unbreakable*, og hinn magnaði Kevin Wendell Crumb úr myndinni *Split*, en hann er eins og menn muna með margklofinn persónuleika. Með hlutverk þeirra fara þeir sömu og áður, þ.e. Samuel L. Jackson



Í upphafi stiklunnar kemur fram að þeir Elijah, Kevin og David eru komnir á geðsjúkrahús fyrir menn sem halda að þeir séu ofurhettjur!



og Bruce Willis sem leika þá Elijah og David og James McAvoy sem leikur Kevin á ný og allar hinar persónurnar sem búa innra með honum. Auk þess endurtekur Anya Taylor-Joy hlutverk sitt sem Casey Cooke en hún lenti í að takast á við Kevin í *Split*. Í stiklunni sést að þeir Elijah, David og Kevin eru allir komnir á geðsjúkrahús fyrir fólk sem telur sig búa yfir ofurhæfileikum og að þar eiga hlutirnir heldur betur eftir að fara úr böndunum. Við segjum ekki meira um það en ætlum að giska á að myndin eigi eftir að njóta mikilla vinsælda

þegar þar að kemur, langt út fyrir raðir tryggra aðdáenda M. Night Shyamalan, enda lítur þessi stikla afar vel út. Kíkið endilega á hana.

Það styttist í Aquaman

Önnur ný stikla sem vakið hefur mikla athygli að undanförmu er fyrsta alvörustiklan úr *Aquaman* sem er væntanleg í kvikmyndahús 21. desember, en hún er sjötta myndin úr hinum sameinaða ofurhettjuheimi DC-Comics á eftir *Man of Steel*, *Batman v Superman: Dawn of Justice*, *Suicide Squad*, *Wonder Woman* og *The Justice League*.



Í myndinni er saga Aquamans rakinn frá upphafi og hvernig það bar til að hann varð að konungi Atlantis og um leið að konungi hafsins og alls þess sem í því býr. Leikstjóri er enginn annar en James Wan og sem fyrr er það Jason Momoa sem leikur Aquaman, en með önnur stór hlutverk fara m.a. þau Amber Heard, Dolph Lundgren, Nicole Kidman, Patrick Wilson, Randall Park, Willem Dafoe, Djimon Hounsou og Temuera Morrison. Stiklan er mikið listaverk ein og sér og það er nokkuð ljóst að aðdáendur ofurhettjumynda mega alveg fara að láta sig hlakka til.



**NÝTT
HRÍS!**



MEÐ KEXKÚLUM

Stökkar og ljúffengar



Shazam mætir á svæðið!

Hér að framan minntumst við á að *Aquaman* væri sjötta myndin í hinum sameinaða ofurhetjuheimi DC-Comics og því er við hæfi að minnst einnig á sjöundu myndina sem áætlað er að verði frumsýnd í apríl á næsta ári. Shazam, eða Billy Batson réttu nafni, er ungur munaðarleysingi sem flækst hefur á milli fósturheimila og iðulega orðið fyrir aðkasti jafnaldra sinna í öllum þeim skólum sem hann hefur sótt. Kvöld eitt á heimleið í lest, eftir að hafa flúið undan nokkrum bullum sem voru að gera honum lífið leitt, gerist eitthvað undarlegt og Billy er gefinn sá hæfileiki að um leið og hann segir „shazam“ þaðan í frá breytist hann í fullorðinn mann í ofurhetjubúningi. Ásamt nýjasta fósturbróður sínum, Freddy, þarf Billy nú að finna út úr því hvaða ofurhæfileika hann hefur og hvernig þeir koma honum og samfélaginu mest og best að gagni.


Hér er sem sagt um grín-ofurhetjumynd að ræða eins og allir átta sig á sem sjá glænýja stikluna úr henni, en þess má geta að Billy er hinn upphaflegi Captain Marvel frá árinu 1941. Sú upprunasaga er þó ekki sögð í þessari mynd og biður því vafalaust betri tíma.

Godzilla næsta sumar

Ef einhver hélt að hin japanska Godzilla væri búin að syngja sitt síðasta má sá hinn sami vita að þar er farið með fleipur því Godzilla mætir í bíó á ný í lok maí á næsta ári, hressari en nokkurn tíma fyrr og til í slaginn ... sem í þetta sinn snýst um sjálf heimsyfírráðin. Myndin er þriðja myndin í svokölluðum „*MonsterVerse*“ sem er samvinnuverkefni Legendary Films og Warner Bros., en fyrsta myndin í seríunni var Godzilla-myndin sem var frumsýnd 2014 og númer tvö var *Kong: Skull Island*, sem var frumsýnd í fyrra. Fjórða myndin verður síðan frumsýnd 2020 og heitir *Godzilla vs. Kong*.



Í *Godzilla: King of the Monsters* gerist það að Godzilla lendir í harðvítugum átökum við önnur öflug skrímsli, t.d. hið fleyga fiðrildaskrímsli Mothra og drekann Rodan og ekki síst við erkióvin sinn, hinn þríhöfða King Ghidorah. Öll berjast þessi skrímsli um yfirráðin á Jörðu og þegar bardaginn hefst má maðurinn sín lítills og horfir fram á algera útrýmingu takist vísindamönnum í Monarch-teyminu ekki að finna einhver ráð sem duga. Sjáið glænýja og hörkuflotta stikluna!



Bardagaengillinn Alita

Við höfum áður sagt lítillega frá myndinni *Alita: Battle Angel* hér í blaðinu en hún er byggð á manga-sögum Yukitos Kishiro um Alitu sem komu út á árunum 1990–1995 og náðu miklum vinsældum, bæði í Japan og víðar. Aðalframleiðandi myndarinnar er James Cameron og leikstjóri er Robert Rodriguez og voru þeir á dögnum að senda frá sér glænýja stiklu úr myndinni í fullri lengd, þ.e. tveggja og hálfra mínútu langa. Hún er vægast sagt alveg mögnuð, þ.e. fyrir þá sem kunna að meta hasar og tækniþrellur í einum stórum pakka sem hefur áreiðanlega kostað nokkra tugi milljarða að búa til. Eins og staðan er núna er frumsýningardagur myndarinnar 21. desember, sami dagur og frumsýna á *Aquaman*. Kíkið endilega á þessa nýju stiklu úr *Alitu* – við lofum því að þeir sem gaman hafa af svona manga/hasar/vísindaskáldskap verða ekki fyrir neinum vonbrigðum með hana.

Velkomin aftur – eða þannig



Það áttu ekki margir von á miklu þegar leikstjórinn John McTiernan sendi frá sér sína aðra mynd árið 1987, *Predator*. Hún var að vísu með Arnold Schwarzenegger í aðalhlutverki og því nokkuð ljóst að um hasar væri að ræða en annars vakti hún enga sérstaka athygli fyrr en hún var frumsýnd. Í ljós kom nefnilega að myndin var í alla staði frábær skemmtun enda er hún fyrir löngu komin í hóp „cult“-mynda níunda áratugar síðustu aldar. *Predator* gat síðan af sér tvær framhaldsmyndir, *Predator 2* og *Predators* auk tveggja „spin off“-mynda, *Alien vs. Predator* og *Alien vs. Predator: Requiem*.


Þann 14. september er von á fjórðu *Predator*-myndinni sem í þetta sinn er leikstýrt af Shane Black, sem einnig skrifar handritið, en Shane er sem leikstjóri þekktastur fyrir *Kiss Kiss Bang Bang*, *Iron Man 3* og *The Nice Guys*, auk þess sem hann skrifaði handrit *Lethal Weapon*-myndanna og bestu myndar Rennys Harlin, *The Long Kiss Goodnight*. Nýja myndin gerist í nútímanum (höldum við) og segir frá því þegar ungur drengur kallar fyrir slysi á hinar ægilegu geimverur sem láta ekki bjóða sér tvisvar í heimsókn, enda klæjar þær í neglurnar eftir því að útrýma mannkyninu í eitt skipti fyrir öll. Kíkið á stikluna, hún er hörkugóð og æsispennandi ein og sér.

Cocoa Puffs

**Algjört
súkkulæði!**



Pau breyta öllu



Bandaríski rithöfundurinn Alexandra Bracken hóf að skrifa sína fyrstu skáldsögu 19 ára gömul árið 2007, en hún var upphaflega hugsuð sem afmælisgjöf hennar til vinkonu sinnar. Sagan, sem hét *Brightly Woven*, vakti hins vegar verulega athygli útgefenda og svo fór að hún var gefin út í mars árið 2010. Árið 2012 kom síðan næsta skáldsaga Alexöndru út en hún hét *The Darkest Minds* og reyndist upphafið að bókaseríu sem í dag telur sex bækur. *The Darkest Minds* fjallar um hina

sextán ára gömlu Ruby sem hefur verið haldið nauðugri á einhvers konar rannsóknarstofnun vegna þess að hún býr yfir sérstökum hæfileikum sem „venjulegu“ fólki telur sér stafa hættu af. Ruby veit það ekki í fyrstu en kemst svo að því að hún er aðeins ein af mörgum sem býr yfir svona hæfileikum og til að gera lengri sögu styttri þá tekst henni að sleppa og ganga síðan í lið með nokkurs konar uppreisnarhópi ungmenna sem eru staðráðinn í að frelsa sína líka úr ánaud venjulega fólksins.



Fjórir af aðalleikurum *Darkest Minds* eru þau Skylan Brooks, Miya Cech, Amandla Stenberg og Harris Dickinson, en þau leika Chubs, Zu, Ruby, sem er aðalsöguhetjan, og Liam, sem er unnusti Rubyar.

Eins og títt er um bækur sem verða jafn vinsælar og *The Darkest Minds* var kvikmyndarétturinn að henni seldur fljótlega og nú er komið að frumsýningu myndarinnar í september, nánar tiltekið þann 28. Um leikstjórnina sér Jennifer Yuh Nelson sem á að baki leikstjórn *Kung Fu Panda*-myndanna númer tvö og þrjú. Stiklan er komin út og hver veit nema *The Darkest Minds*-sagan eigi eftir að slá í gegn sem kvikmynd rétt eins og hún gerði sem bók.

Einn ein gátan ...

Allt frá því að fyrsta sagan um Sherlock Holmes og aðstoðarmann hans, lækninn Watson, *A Study in Scarlet*, kom út árið 1887 hafa sögurnar um þá félagan notið ómældra vinsælda. Á þær sló ekki þegar kvikmyndaformið ruddi sér til rúms á 20. öldinni enda eru þær nú orðnar nánast óteljandi myndirnar sem gerðar hafa verið um þá félagan, bæði fyrir sjónvarp og sem bíómyndir. Nýjastar í þeim efnum eru auðvitað Guy Ritchie-myndirnar með þeim Robert Downey Jr. og Jude Law í aðalhlutverkum og svo sjónvarpsþættirnir þar sem þeir Benedict



Cumberbatch og Martin Freeman léku þá fóstbræður og réðu við það tækifæri hinar margvíslegustu gátur eins og þeim var lagið.

Um áramótin verður síðan nýjasta myndin um þá Sherlock og Watson frumsýnd og í þetta sinn eru það Will Ferrell sem leikur Sherlock og John C. Reilly sem leikur Watson. Eins og allir ættu að geta giskað á er um grínútgáfu að ræða, en sagan er eftir leikstjórnann, Etan Cohen, sem gerði síðast myndina *Get Hard*. Ekki hefur verið látið uppi um hvað sakamálið sem þeir Sherlock og Watson taka að sér að leysa snýst en ljóst er að erkióvinur Sherlocks, Moriarty, kemur við sögu og að það er Ralph Fiennes sem leikur hann.

Við munum að sjálfsgöðu fylgjast með þessari mynd hér á Myndum mánaðarins og bíðum eins og aðrir aðdáendur eftir fyrstu stiklunni!



John C. Reilly og Will Ferrell leika þá Watson og Sherlock Holmes.

Migo fer í leiðangur

Hinn fullkomni bíómánuður inniheldur a.m.k. eina góða teiknimynd sem höfðar til fólks á öllum aldri. Þann 28. september kemur einmitt ein slík í bíó en það er myndin *Smáfótur*, eða *Smallfoot* eins og hún heitir á ensku. Myndin fjallar um samfélag snjómannna hátt uppi í snævipöktum fjöllum sem vita ekki að til séu síðuð samfélög fyrir utan þeirra eigið. Sögur hafa vissulega sprottið upp öðru hverju af smáskrímslum sem hafa komið röltandi neðan frá en öllum slíkum sögum hefur verið vísað frá sem hjátrú í besta falli og bulli og vitleysu í því versta. Það kemur því heldur betur fát á einn ungan snjómann, Migo, þegar hann rekst einmitt á svona smáskrímsli í eigin persónu sem því miður sleppur þó úr greipum hans. Migo reynir að segja hinum snjómönnunum frá þessu en uppsker bara hæðni og hlátur eins og hann sé sjálfur genginn af göflunum.

Við þetta getur Migo engan veginn sætt sig því hann veit hvað hann sá og ákveður að halda einn síns liðs niður á við og finna hvar smáskrímslin halda sig svo hann geti sannað sitt mál í eitt skipti fyrir öll. Vandamálið sem hann sér ekki fyrir er að þegar hann uppgötvar loksins hvar smáskrímslin eru líta þau á hann sjálfan sem skrímsli sem þeim stendur ógn af. Við því bjóst Migo ekki.



Þetta er Migo. Við kynnumst honum betur í myndinni *Smáfótur*.

VERTU REYKLAUS Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ NICOTINELL





Chris Hemsworth er einn af sjömenningunum á El Royale.



Wyatt Russell í hlutverki sínu í *Overlord*.

Allt vitlaust á El Royale

Ein af myndum októbermánaðar heitir *Bad Times at El Royale* og er eftir leikstjórn og handritshöfundinn Drew Goddard sem gerði m.a. myndina *Cabin in the Woods* og skrifaði handritin að *World War Z* og *The Martian*. Myndin gerist á afskekktu hóteli sem heitir El Royale en hermt er að það sæki fyrirmyndina í hótelið Cal Neva Resort and Casino sem Frank Sinatra átti á sínum tíma.



Athygli vakti að handrit myndarinnar var ekki sett á almennan markað og þeir sem vildu sjá það þurftu að skrifa undir trúnaðareið, lesa það á staðnum og skila því aftur. Af þeim sökum vita afskaplega fáir hvernig söguþráðurinn er í raun en hin opinbera lýsing á honum er svona:

Sjö gerólikar persónur sem hafa allar eitthvað að fela hafa safnast saman á El Royale, en hótelið sjálft á sér einnig dökka fortíð. Á einni nóttu mun allt þetta fólk fá eitt tækifæri í viðbót – áður en allt fer til andskotans.

Með hlutverk sjömenninganna fara þau Chris Hemsworth, Jon Hamm, Dakota Johnson, Jeff Bridges, Cailee Spaeny, Lewis Pullman og Cynthia Erivo, en einnig koma talsvert við sögu persónur sem þeir Nick Offerman og Mark O'Brien leika. Takið eftir Chris Hemsworth á myndinni hér efst því hann lék í þessari mynd strax eftir *Avengers: Infinity War* og þurfti fyrir gerð hennar að losa sig við 11 kíló af massanum sem hann safnaði fyrir hlutverk sitt sem Þór.

Septemberhrollurinn

Það er alltaf gaman að krydda bíótilveruna með því að skella sér á eins og eina hrollvekjandi og virkja um leið innkirtlana til adrenalínframleiðslu.

Septemberhrollvekjian að þessu sinni nefnist *The Nun* og er eftir Corin Hardy sem sendi síðast frá sér myndina *The Hallow*. Sagan, sem er eftir James Wan, segir frá ungri nunnu sem fer ásamt presti einum til Rúmeníu að rannsaka dauða þarlendrar nunnu í nunnuklaustri.

Ekki líður á löngu uns þau eiga sjálf á hættu að týna lífinu, en við segjum betur frá því sem gerist í næsta blaði. Skoðið stíkluna!



Hinum megin við víglínuna

Overlord nefnist nýjasta bíómynd leikstjórans Juliusar Avery sem einnig skrifaði handritið og á að baki myndina *Son of a Gun* frá árinu 2014. Glöggir lesendur kannast ef til vill við heitið „Overlord“ en það var einmitt dulnefnið sem Bandamenn notuðu um innrásina í Normandy á D-deginum svokallaða 6. júní 1944. Myndin gerist einmitt á þeim degi og segir frá nokkrum hermönnum sem ætlað er að kasta sér út í fallhlífum aftan við víglínu Þjóðverja og trufla þá aftanfrá. Þetta er mikil hættuför og þegar flugvélin sem þeir eru í verður fyrir skotum neyðast þeir til að henda sér út þar sem þeir eru staddir. Þar með lenda þeir auðvitað á allt öðrum stað en þeir höfðu gert ráð fyrir. Það sem þeir uppgötva þar er líka í órafjarlægð frá því sem þeim gat dottið í hug að finna og áður en þeir vita af eiga þeir fótum fjör að launa undan óvini sem er allt annar en nokkur þeirra gat nokkurn tíma átt von á að hitta.

Við segjum ekki meira hér um hvað gerist en fjöllum að sjálfsögðu betur um þessa sérstöku mynd í októberblaðinu. Þeir sem eru forvitnir geta auðvitað farið á netið og skoðað magnaða stíkluna.

Uppgjöf er ekki valkostur

Og talandi um forvitnilegar myndir þá ljúkum við þessari yfirferð okkar að þessu sinni um væntanlegar myndir með því að benda lesendum á að kynna sér nýjustu mynd Steves McQueen sem væntanleg er í nóvember, *Widows*, en hún er byggð á samnefndri breskri sjónvarpsseríu frá árinu 1985 sem varð geysivinsæl. Sagan er um fjórar konur sem verða ekkjur þegar eiginmenn þeirra eru allir skotnir eftir misheppnað bankarán. Þar með verða þær ábyrgar fyrir skuldum þeirra, ekki bara þessum venjulegu heldur einnig skuldum við glæpafélaga þeirra og mafíuforingja svæðisins. Í stað



þess að lyppast niður og gefast upp ákveða þær að taka málin í sínar hendur og sýna úr hverju þær eru gerðar.

Með aðalhlutverkin fer hópur þekkra leikara með þeim Violu Davis, Colin Farrell, Liam Neeson, Michelle Rodriguez, Carrie Coon, Lukas Haas, Robert Duval og Daniel Kalu-uya í broddi fylkingar.



Hörkustöff frá náttúrunni.

Í flösku.



Þessi smoothie inniheldur B2, B3, B6 og C-vítamín sem eiga sinn þátt í að draga úr þreytu og magnleysi. Að neyta drykkjarins er hluti af heilbrigðum lífsstíl og hollu og fjölbreyttu mataræði.

Láttu ekkert stöðva þig

Eftir að verkefni sem Ethan Hunt átti að sinna fer úrskeiðis lendir hann á milli steins og sleggju því um leið og hann þarf að stöðva ný áform hryðjuverkamanna um að sprengja þrjár kjarnorkusprengrur er honum ekki lengur treyst af eigin fólki.

Það þarf líklega ekki að hvetja neinn aðdáanda *Mission Impossible*-myndanna að skella sér á þessa sjöttu mynd seríunnar sem er sögð sú allra besta hingað til og alveg örugglega besta hasarmynd ársins. Ekkert hefur verið til sparað við gerð myndarinnar og Tom sjálfur er sagður sýna sitt allra besta í hverju áhættuatriðinu á fætur öðru sem fær hvern þann sem á horfir til að súpa hveljur af spennu!



Tom Cruise leikur Ethan Hunt á ný í *Mission Impossible: Fallout* og þau Simon Pegg, Rebecca Ferguson og Ving Rhames verða aldrei langt undan sem þau Benjamin „Benji“ Dunn, Ilsa Faust og Luther Stickell.

Mission: Impossible – Fallout

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Tom Cruise, Henry Cavill, Ving Rhames, Simon Pegg, Rebecca Ferguson, Angela Bassett, Michelle Monaghan, Wes Bentley, Alec Baldwin og Sean Harris **Leikstjórn:** Christopher McQuarrie **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Smárabíó, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 1. ágúst



Eitt af atriðum myndarinnar er æsilegur eltingarleikur um götur og stræti Parísar þar sem stór hluti myndarinnar var tekinn upp.

Veistu svarið?

Fallout er þriðja myndin sem leikstjórnin og handritshöfundurinn Christopher McQuarrie gerir með Tom Cruise í aðalhlutverki, en hann leikstýrði Tom einnig í síðustu *Mission: Impossible*-mynd, *Rogue Nation*. En hver er sú fyrsta?



Jack Reacher

Punktar

- ★★★★★ - Empire ★★★★★ - Time Out ★★★★★ - Total Film
- ★★★★★ - IndieWire ★★★★★ - Telegraph ★★★★★ - E.W.
- ★★★★1/2 - Screen ★★★★★1/2 - Verge ★★★★★1/2 - Vanity F.
- ★★★★ - Rolling Stone ★★★★★ - L.A. Times ★★★★★ - Variety


• Þegar þetta er skrifað hafa nokkrir af gagnrýndunum á Metacritic birt gagnrýni sína og er óhætt að segja að *Fallout* hafi hlotið frábæra dóma. Gagnrýnandi breska kvikmyndatímaritsins Empire skefur t.d. ekkert af því og segir um myndina: „A combination of thrilling stunts, insane daring and clever writing make this a stunning piece of action cinema.“ Þess má geta að myndin er nú með meðal-einkunnina 8,9 á Metacritic, 9,4 á Imdb og 9,6 á Rotten Tomatoes.

• Tom Cruise hefur þegar sagt að hvað hann varðar sé ekkert því til fyrirstöðu að gera sjöundu *Mission Impossible*-myndina. Fyrst hann segir það má nánast öruggt telja að hún komi sumarið 2021.



Hermt er að Ethan Hunt hafi aldrei komist í hann krappari en í þessari mynd og eru áhættuatriðin fleiri og svakalegri en nokkurn tíma áður.

STÆ 103



PASSAÐU
AFGANGINN
SKIPTIBÆKUR

PENNIN

Eymundsson

Konur í kröppum dansi

Það er alltaf pláss fyrir gott grín og allt útlit fyrir að af því verði nóg í *The Spy Who Dumped Me* þar sem tvær af skemmtilegustu gamanleikkonum Bandaríkjanna þurfa að snúa saman bökum í baráttu við óþjóðalýð sem vill þær feigar sem fyrst.

The Spy Who Dumped Me segir frá vinkonunum Morgan og Audrey sem ákveða að fara til Evrópu og slaka á eftir að unnusti Audrey segir henni upp. En áður en þær leggja í hann komast þær að því í gegnum dularfulla en vinsamlega menn sem yfirheyra Audrey að unnustinn fyrrverandi er í raun njósnari. Audrey vissi auðvitað ekkert um það og hefur ekki hugmynd um hvar hann er niðurkominn. Hún verður því afar hissa þegar sá fyrrverandi dúkkar upp í íbúðinni hennar og það sem verra er, að hann skuli vera með leigumörðingja á hælunum. Þar með verður hún einnig skotmark leigumörðingjans og það er með naumindum að henni og Morgan takist að sleppa upp í flugvél og fara í hina fyrirhuguðu ferð til Evrópu. Vandamálið er að leigumörðingjar geta líka farið til Evrópu og áður en þær vinkonur ná að taka upp úr töskunum eiga þær fótum fjör að launa. Tekst þeim að snúa aðstæðunum sér í vil?



The Spy Who Dumped Me

Grín / Hasar



Aðalhlutverk: Mila Kunis, Kate McKinnon, Sam Heughan, Justin Theroux, Gillian Anderson, Ivanna Sakhno, Justine Wachsberger og Ólafur Darri Ólafsson **Leikstjórn:** Susanna Fogel **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri


Frumskýnd 8. ágúst



Á flóttu undan þeim sem vilja þær feigar lenda Morgan og Audrey í ýmsum uppákomum, ekki síst eftir að þær eru komnar til Evrópu.

Veistu svarið?

Eins og flestir vita skaut Milu Kunis upp á stjörnuhimininn 1998 þegar hún lék í sjónvarpsþáttunum *That '70s Show*, m.a. á móti Ashton Kutcher sem löngu síðar (2015) varð eiginmaður hennar. En með hvaða leikara bjó Mila á árunum 2002–2010?



Macaulay Culkin



Kate McKinnon og Mila Kunis leika vinkonurnar Morgan og Audrey sem flækjast óvart inn í alþjóðlegt samsæri og eiga eftir það fótum fjör að launa undan fólki sem vill koma þeim yfir móðuna miklu.

Punktar

- *The Spy Who Dumped Me* er önnur mynd leikstjórans Susönnu Fogel í fullri lengd en sú fyrri, *Life Partners*, var frumsýnd árið 2014 og þykir afar góð mynd í alla staði og mjög myndin.
- Ólafur Darri Ólafsson leikur aukahlutverk í myndinni, „The Backpacker“, en hann sést þó hvorki í sýnishornum myndarinnar né í stillunum úr henni. Það verður gaman að uppgötva hvaða hlutverki persóna hans gegnir og hvaða áhrif hún hefur á atburðarásina.



Þær Audrey og Morgan leggja hér á ráðin og njóta aðstoðar CIA-mannsins Sebastians sem leikinn er af Sam Heughan.

FACE THE CITY



AFEITRAR | VERNDAR | ENDURBYGGIR



Úlfhundurinn

Teiknimynd

L 85 mín

Íslensk talsetning: Hjálmar Hjálmarsson, Þórhallur Sigurðsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Orri Huginn Ágústsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Hjalti Rúnar Jónsson og Elísabet Ormslev **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 8. ágúst



Hin sígilda saga í nýjum búningi

Úlfhundurinn er byggð á hinni sígildu sögu *White Fang* eftir Jack London, en hún kom út árið 1906 og hefur allar götur síðan notið mikilla vinsælda. Þetta er frábær saga sem gerist á tímum gullæðisins í Klondike í Alaska á árunum 1896–1899.

Sagan hefst reyndar áður en aðalsöguhetjan, úlfhundurinn White Fang, fæðist og við kynnumst aðstæðum foreldra hans á hinum harðbýlu og köldu slóðum. Gullfundurinn í Klondike hefur dregið að marga leitarmenn sem þurfa að flytja með sér mat og tæki og eiga í stöðugum átökum við úlfana. Þegar White Fang fæðist er hann hins vegar tekinn í fóstur af mönnum og verður því ákveðinn hlekkur á milli þeirra og villtu úlfana – og nokkurs konar verndari beggja ...

Upplifðu æskuna aftur

Sögur breska rithöfundarins Alans Alexander Milne um Bangsímón og vini hans í Hundraðekruskógi, og þá ekki síst vinskap þeirra og Christophers Robin, eru fyrir löngu orðnar sígildar. Í þessari mynd bregðum við okkur aftur í tímann og sjáum hvað gerist þegar þeir Christopher og Bangsímón hittast á ný eftir að hafa ekki sést í meira en tvo áratugi. Hefur eitthvað breyst?

Disney-myndin *Christopher Robin* verður frumsýnd 15. ágúst og það má alveg bóka að hún eigi eftir að njóta vinsælda. Myndin er hluti þeirrar kvikmyndaseríu sem Disney-fyrirtækið hleypti af stokkunum fyrir nokkrum árum og hefur getið af sér myndir eins og *Malificent*, *Cinderella*, *Jungle Book* og núna síðast *Beauty and the Beast* þar sem leiknum og tölvuteiknuðum atriðum er blandað saman. Sá er þó munurinn að sagan í þessari mynd er ekki byggð á eldri teiknimynd eins og þær fyrri voru heldur er hér um að ræða nýja sögu sem hefur ekki verið sögð áður.

Christopher Robin, sem nú er orðinn fullorðinn, býr í London ásamt eiginkonu sinni og dóttur og er svo gott sem búinn að gleyma æskuævintýrum sínum með Bangsímón og félögum í Hundraðekruskógi. Hann verður því ekkert lítið undrandi þegar hann hittir Bangsímón lifandi kominn á ný í garði einum í borginni. Þegar í ljós kemur að Bangsímón er týndur og ratar ekki aftur heim hefst nýtt ævintýri í lífi þeirra beggja – og allra annarra sem við sögu koma ...



Christopher Robin

Ævintýri / Fjölskyldumynd



Aðalhlutverk: Ewan McGregor, Hayley Atwell, Bronte Carmichael, Jim Cummings, Brad Garrett, Peter Capaldi, Sophie Okonedo og Toby Jones **Leikstjórn:** Marc Forster **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 10. ágúst



Ewan McGregor leikur Christopher Robin, son Alans Alexander Milne sem skrifaði sögurnar um Bangsímón, en í þeim var Christopher fyrirmyndin að hinum mannlega besta vini Bangsímóns enda voru þeir alnafnar – og perluvínir í alvörinni.

Punktur

- Leikstjóri myndarinnar er Marc Foster sem á nokkrar gæðamyndir að baki eins og *Monster's Ball*, *Finding Neverland*, *Stay, Stranger Than Fiction*, *The Kite Runner*, *World War Z* og *All I See Is You*.
- Það er Jim Cummings sem talar fyrir Bangsímón en það hefur hann gert í öllum myndum sem gerðar hafa verið um hann síðan 1988.



Það er óhætt að segja að Christopher verði hissa þegar hann hittir sinn trygglynda æskufélaga á ný í garði einum í London.

Veistu svarið?

Sögurnar um Bangsímón eru jafnan kenndar við Alan Alexander Milne enda skrifaði hann þær. Hins vegar átti sá sem teiknaði myndirnar við sögurnar líka sinn stóra þátt í að þær urðu vinsælar en hans gleymist oft að geta. Hvað hét teiknarinn?



Ernest Howard Shepard



Fyrir utan Bangsímón hittum við auðvitað alla hina bestu vini hans.

Að duga eða drepast

Þeir sem kunna að meta góðar bardaga- og hasarmyndir eiga von á góðu þann 15. ágúst þegar *Mile 22* með Mark Wahlberg í aðalhlutverki kemur í bíó. Sýnishornin og stíklurnar úr henni hafa verið frábærar og gefa til kynna að um toppmynd sé að ræða þar sem hvergi er slakað á frá upphafi til enda.

Myndin er eftir Peter Berg (*Patriots Day*, *Deepwater Horizon*, *Lone Survivor*, *Battleship*, *Hancock*) og segir frá sérsvaitarmanninum James Silva (Mark Wahlberg) sem fær það erfiða og vandasama verkefni að smygla asískum lögreglumanni úr landi sínu, en sá hafði leitað til bandaríska sendiráðsins um vernd þar sem hann býr yfir leynilegum upplýsingum sem tengjast eiturvopnaframleiðslu og höfðu aflað honum dauðadóms hjá eigin stjórnvöldum. Verkefnið virðist nánast óframkvæmanlegt því sendiráðið er umkringt þungvopnuðum farartækjum og mönnum sem hefur verið fyrirskipað að fanga eða drepa flóttamanninn um leið og hann reynir að yfirgefa sendiráðið. En James leggur samt í hann ásamt sínu fólki og veit sem er að til að verkefnið heppnist má hann ekki gera ein einustu mistök ...



Mile 22

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Mark Wahlberg, Iko Uwais, Ronda Rousey, Lauren Cohan, John Malkovich, Terry Kinney, Sam Medina og Poorna Jagannathan **Leikstjórn:** Peter Berg **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri


Frumnýnd 15. ágúst



Asíski flóttamaðurinn sem James þarf að smygla úr landi er leikinn af einum besta bardagalistamanni heims um þessar mundir, Iko Uwais.

Veistu svarið?

John Malkovich, sem leikur stórt hlutverk í *Mile 22*, á fjörutíu ára leiklistarafmæli á þessu ári en hann birtist fyrst í bíómyndinni *A Wedding* eftir Robert Altman árið 1978. En frá hvaða Evrópulandi var faðir hans og öll hans föðurfjölskylda?



©/©/©/©



Mark Wahlberg leikur hinn glerharða leyniþjónustumann James Silva sem er sérfræðingur í að framkvæma erfiðustu verkefni.

Punktur

- *Mile 22* er fjórða myndin eftir Peter Berg sem Mark Wahlberg leikur aðalhlutverkið í en þeir eru einnig aðalframleiðendur hennar ásamt Stephen Levinson sem m.a. framleiddi *Entourage*- og *Boardwalk Empire*-þættina. Þess má geta að þegar hefur verið ákveðið að gera aðra mynd um ævintýri James Silva, en hlutverk hans var skrifað sérstaklega með Mark Wahlberg í huga og eftir hans höfði.
- Sagan í *Mile 22* gerist í landi í Suður-Asíu en ekki er nánar tiltekið hvaða land er um að ræða. Hins vegar voru öll atriðin sem eiga að gerast þar tekin upp í Bógóta í Kólumbíu og þar um kring.



Bardagalistakonan og hnefaleikameistarinn Ronda Rousey fer hér með sitt stærsta hlutverk í bíómynd til þessa en hún hefur áður leikið í myndunum *The Expendables 3*, *Fast & Furious 7* og *Entourage*.



Premier League

FÓTBOLTINN ER KOMINN HEIM



SPORT

Enski boltinn hefst **5. ágúst** á leik **Chelsea** og **Manchester City**.
Nýtt og betra verð, aðeins **9.990 kr. á mánuði**.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á STOD2.IS EÐA Í SÍMA 1817

Hættulegasta dýr jarðar

Vísindamönnum og áhöfn neðansjávarranssóknarstöðvarinnar Mana One bregður í brún þegar forsögulegur risahákarl birtist skyndilega úr undirdjúpunum og laskar stöðina þáð mikið að þeim er bráður bani búinn komist þau ekki fljótlega upp á yfirborðið. En leiðin upp er líka leiðin beint í dauðann.

The Meg er byggð á samnefndri bókaseríu Steves Alten um kafarann og neðansjávarlíffræðinginn Jonas Taylor og ævintýri hans, en fyrsta bókin í seríunni kom út árið 1997 og eru þær sex talsins.

Í myndinni er það Jason Statham sem leikur Jonas og það tekur hann ekki langan tíma að átta sig á að þessi risahákarl sem réðst á rannsóknarstöðina er í raun hin forsögulega risaskepna megalodon sem ríkti yfir höfunum á sama tíma og risaæðlurnar ríktu á landi. Jason veit sem er að hann á litla möguleika í þessa skepnu einn og sér en þar sem líf allra í rannsóknarstöðinni liggur við, svo og allra annarra sem svamla um í sjónum í næsta nágrenni, verður hann að láta til skarar skriða ...



The Meg

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Jason Statham, Bingbing Li, Rainn Wilson, Ruby Rose, Jessica McNamee, Robert Taylor, Cliff Curtis, Shuya Sophia Cai og Ólafur Darri Ólafsson **Leikstjórn:** Jon Turteltaub **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó og Bíóhöllin Akranesi


Frumсыnd 17. ágúst



Þótt Jonasi lítist ekkert á átök við risahákarlinn upp á eigin spýtur neyðist hann til að leggja til atögu þar sem líf margra liggur við.

Veistu svarið?

Jason Statham heldur upp á tuttugu ára leiklistarafmæli sitt núna í ágúst því þann 28. ágúst eru liðin nákvæmlega 20 ár síðan fyrsta myndin sem hann lék í var frumsýnd í Englandi. Hvaða mynd var það?



Lock, Stock and Two Smoking Barrels



Jason Statham sem Jonas Taylor og það er kínverska leikkonan Bingbing Li sem leikur nánasta aðstoðarmann hans, Suyin.

Punktar

- Eins og í myndinni *The Spy Who Dumped Me* leikur Ólafur Darri Ólafsson aukahlutverk í *The Meg* og kallast persóna hans „The Wall“ samkvæmt kreditlistanum á imdb.com. Persónu hans bregður a.m.k. tvisvar fyrir í aðalstiklu myndarinnar og við skulum vona að hún eigi ekki eftir að enda líf sitt í maganum á risahákarlinum.

- Leikstjóri myndarinnar, Jon Turteltaub, sendi síðast frá sér myndina *Last Vegas* árið 2013 og þar á undan *The Sorcerer's Apprentice* árið 2010. Þess utan á hann m.a. að baki *National Treasure*-myndirnar tvær með Nicholas Cage í aðalhlutverki og myndirnar *Instinct*, *Phenomenon*, *While You Were Sleeping* og *Cool Runnings*.



KODI SMIT-MCPHEE

JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON



ALPHA

ÓTRÚLEG SAGA UM
UPPGÖTVUN MANNKYNSINS
Á BESTA VINI MANNSINS

FRUMSÝND 29. ÁGÚST

Petta er ekkert grín

Þegar einhver tekur upp á því að myrða starfsfólk brúðmyndaþáttanna *Happytime Gang* einn af öðrum fær lögreglukonan Connie Edwards málið til rannsókna. Það fyrsta sem hún gerir er að kalla á liðsinni fyrrverandi félagu síns, Philips Phillips, en fyrsta fórnarlambið var einmitt bróðir hans.

The Happytime Murders gerist í veröld þar sem brúður eins og þær sem við þekkjum sem prúðuleikarana, en urðu fyrst vinsælar í barnaþáttum eins og *Sesame Street*, eru í raun sprellifandi borgarar sem njóta þó ekki sömu réttinda og þeir sem eru af holdi og blóði.

Þau Connie og Philip taka þegar til við rannsókn málsins og eru áður en langt er um liðið komin með margar vísbendingar sem undir venjulegum kringumstæðum ættu að beina þeim á rétta slóð. Vandamálið er hins vegar að sú slóð liggur beint til Philips sjálfs ...



Melissa McCarthy leikur lögreglukonuna Connie Edwards sem fær fyrrverandi lögreglubróðuna og nú einkaspæjarann Philip Phillips í lið með sér þegar einhver byrjar að myrða brúður eins og hann í massavís.

The Happytime Murders

Grín / Svartur húmor



Aðalhlutverk: Melissa McCarthy, Elizabeth Banks, Maya Rudolph, Brian Henson, Joel McHale, Leslie David Baker, Jimmy O. Yang og Bill Barretta **Leikstjórn:** Brian Henson **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóíð Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 22. ágúst



Melissa McCarthy er vafalaust í essinu sínu í myndinni en hún og eiginmaður hennar, Ben Falcone, eru einnig framleiðendur hennar.

Veistu svarið?

Þótt Jim Henson sé þekktastur fyrir aðkomu sína að *Sesame Street*-þáttunum og síðan *The Muppet Show* og fyrir að tala fyrir Kermit frosk sló hann upphaflega í gegn í sjónvarpsþáttunum *Sam and Friends* þar sem hann talaði fyrir ... hvaða brúðu?



Handinn Rowl

Punktar

- Leikstjóri myndarinnar er Brian Henson en hann er einn af fimm börnum Jims Henson sem skapaði prúðuleikarana, fyrst fyrir barnaþættina *Sesame Street* og síðan í sjálfstæðum þáttum, *The Muppet Show*, sem urðu feikivinsælir um allan heim og eru enn.
- Þegar þetta er skrifað hefur bara ein stikla úr *The Happytime Murders* verið gefin út en hún er svokölluð „red band“-stikla sem þýðir að hún er bönnuð börnum innan 16 ára aldurs. Það bann verður vel skiljanlegt þegar horft er á hana!
- Sá sem talar fyrir og stjórnar Philip Phillips er Bill Barretta en hann hefur verið fastaleikari í prúðuleikurunum í áratugi og talar m.a. fyrir sænska kokkinn, Rowl, dr. Teeth, Bobo og risarækjuna Pepe.



Við ætlum að giska á að þessi stilla sé frá útför bróður Philips en hann verður fyrsta brúðan sem brúðumorðinginn myrðir.

Hver ræður gátuna?


Slender Man er hávaxin, grönn, andlitslaus og handleggjalöng vera sem sögð er bera ábyrgð á hvarfi fjölda barna og unglinga. En hvað gengur henni til, hvaðan kemur hún, hvernig nær hún valdi á fórnarlömbum sínum og hvað gerir hún svo við þau?

Hrollvekja ágústmánaðar kemur í bíó 22. ágúst og er um leið mynd sem beðið hefur verið eftir allt frá því að sögurnar um Slender Man fóru á kreik fyrir rúmlega níu árum. Höfundurinn heitir Eric Knudsen, stundum nefndur Victor Surge, og hefur Slender Man komið víða við síðan, bæði í sögum, teikningum, tölvuleikjum og myndböndum. Margir hafa reynt að útskýra tilveru hans og hvað það er sem gerir honum kleift að birtast svo víða sem raun ber vitni. Enginn veit það.

Hvort gátan verði ráðin í þessari væntanlegu mynd vitum við ekki en eitt er þó alveg ljóst: Hvar sem Slender Man birtist og sama í hvaða formi hann er þá byrja börn og unglingar að hverfa sporlaust.

Punktur

- Þeim sem vilja kynna sér Slender Man betur er bent á netið en þar má finna nánast allt um hann fyrir utan upplýsingar um hvernig hægt er að stöðva hann. Þess utan getur hver sem er lagt honum til bæði hæfileika, útlitsbreytingar og tilgang. Sumir vilja hafa hann í jakkafötum á meðan aðrir vilja hafa hann beran og gráan. Og svo er það andlitið og hendurnar ... hvað getur hann gert með þeim?



Slender Man

Hrollvekja





Aðalhlutverk: Joey King, Javier Botet, Annalise Basso, Julia Goldani Telles, Jaz Sinclair, Kevin Chapman, Michael Reilly Burke, Taylor Richardson, Kallie Tabor og Jessica Blank **Leikstjórn:** Sylvain White
Bíó: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 22. ágúst



Á þeim níu árum sem Slender Man hefur verið á kreiki hefur hann birst í ýmsum myndum, eins og t.d. þessari. Ath.: Þetta er ekki stilla úr myndinni.



Ástin er eitt – fjölskyldan er allt annað!

Pau Rachel, sem er hagfræðiprófessor í New York, og Nick, sem stundar viðskipti í borginni, hafa verið saman í rúmlega ár og eru ástfangnari en nokkurn tíma fyrr. Nick ákveður því að bjóða Rachel til Singapur að hitta fjölskyldu sína, en sú fjölskylda á sannarlega eftir að koma henni verulega á óvart.

Crazy Rich Asians er byggð á samnefndri metsölu-bók Kevins Kwan sem kom út árið 2013 og þykir allt í senn, fyndin, rómantísk og ekki bara mjög skemmtilegt innlit í asískan hugarheim varðandi hjónabönd heldur og hugarheim hinna ríku sem geta eftirlátíð sér nánast hvað sem er. Um leið má segja að sagan sé hárbeytt ádeila á þann lífsstíl.



Það sem Rachel veit ekki þegar hún leggur upp í ferðina til Singapur ásamt Nick er að hann er kominn af ríkasta fólki landsins. Því hafði hann haldið leyndu og því líka að hann hefur um árabíl verið eftirsóttasti piparsveinn landsins. Þegar við bætist að móðir hans er síður en svo sátt við val hans á kvonfangi og reynir allt sem hún getur að til að hrekja Rachel á brott þarf Rachel að ákveða hvort hún eigi að hrökkva eða stökkva ...



Rachel Wu, sem hin stórskemmtilega Constance Wu leikur, er lítt undir það búin að hitta fjölskyldu unnusta síns, síst af öllu móður hans sem á eftir að láta reyna á hana. En Rachel er ekkert blávatn.

Punktur

• Upphaflega kom sú hugmynd upp að breyta a.m.k. aðalkvenpersónunni Rachel í hvíta stúlku í bíómyndinni en það féll hvorki í góðan jarðveg hjá höfundu bókarinnar né aðdáendum. Svo fór að ákveðið var að öll hlutverkin yrðu skipuð fólki af asískum uppruna og er það í fyrsta sinn í 25 ár sem það er gert í Hollywood-mynd, eða allt síðan Wayne Wang gerði myndina *The Joy Luck Club* árið 1993.



Við fyrstu kynni virðist fara vel á með móður Nicks, Eleanor, og Rachel en fljótlega kemur í ljós að Eleanor ætlar sér að hrekja hana á brott.



Crazy Rich Asians

Gamanmynd / Rómantík



Aðalhlutverk: Constance Wu, Henry Golding, Michelle Yeoh, Gemma Chan, Awkwafina, Ken Jeong, Jimmy O. Yang og Chris Pang **Leikstjórn:** Jon M. Chu **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumnýnd 24. ágúst



Eftir rúmlega eins árs kynni vill Nick að Rachel komi með sér til Singapur að hitta fjölskyldu sína, en það jafngildir nánast bónorði.

Veistu svarið?

Sú sem leikur Rachel, Constance Wu, hefur um árabíl verið eftirsótt sviðsleikkona í New York en leikið í ýmsum myndum á milli verkefna á Broadway. Þekktust er hún samt utan heimalandsins fyrir leik í vinsælum sjónvarpsþáttum. Hvaða þáttum?



Fresh Off the Boat og Eastsiders.

Upphaf vináttunnar

Alpha gerist fyrir 20 þúsund árum, einhvers staðar á meginlandi Evrópu, og segir frá ungum dreng, Keda, sem í miðri veiðiferð með föður sínum verður viðskila við hann og aðra veiðifélaga þeirra. Keda neyðist því til að sjá um sig sjálfur í fyrsta sinn á ævinni og finna leiðina heim áður en veturinn skellur á.

Nokkrum dögum eftir viðskilnaðinn gengur Keda fram á særðan úlf sem undir venjulegum kringumstæðum væri einn af hans verstu óvinum en getur nú litla sem enga björg sér veitt. Keda ákveður að taka úlfinn með sér í hellinn sem hann hefur fundið og gerir í framhaldinu sitt besta til að bæði fæða hann og hjúkra honum.

Smám saman fer úlfurinn að treysta bjargvætti sínum betur og betur uns á milli þeirra myndast traust vinátta. Hún á í raun eftir að breyta mannkyninu til allrar framtíðar því þetta er í fyrsta sinn sem maður og úlfur mynda á milli sín slíka vinátta, en úlfar eru eins og flestir vita forfeður allra hunda og hundakynja á jörðinni.



Alpha

Ævintýri



Aðalhlutverk: Kodi Smit-McPhee, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Natassia Malthe, Leonor Varela, Jens Hultén, Mercedes de la Zerda, Priya Rajaratnam og Spencer Bogaert **Leikstjórn:** Albert Hughes
Bíó: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri


Frumсыnd 29. ágúst



Eftir að Keda bjargar úlfnum frá bráðum bana og hjúkrar honum myndast á milli þeirra órjúfanlegt og traust samband.

Veistu svarið?

Aðalleikari myndarinnar, Kodi Smit-McPhee, vakti fyrst alþjóðlega athygli þegar hann lék son Viggos Mortensen í myndinni *The Road* árið 2009. Í dag þekkja sennilega flestir hann úr *X-Men: Apocalypse* þar sem hann lék Kurt Wagner, öðru nafni ...?



Nightrawler.



Keda ásamt foreldrum sínum, Tau og Shaman, en þau eru leikin af Jóhannesi Hauki Jóhannessyni og Leonor Varela.

Punktar

- *Alpha* er fimmta myndin sem Albert Hughes leikstýrir en sú fyrsta sem hann leikstýrir einn síns liðs því hinum fjórum leikstýrði hann ásamt bróður sínum Allen. Þær eru *Menace II Society*, *Dead Presidents*, *From Hell* og *The Book of Eli* – og eru þá ótaldar heimildar- og stuttmyndir sem bræðurnir hafa einnig sent frá sér í gegnum árin.

- Samkvæmt upplýsingum á Imdb.com var myndin að mestu tekin upp í Bresku Kólumbíu og Albertaríki Kanada en hluti af landslagsmyndum sem notaðar eru sem baksvið eru frá Íslandi. Við reyndum að sjá eitthvað af þeim upptökum í stiklunum en komum ekki auga á neitt sem fullyrða má að sé frá Íslandi og því kemur það í hlut væntanlegra áhorfenda að finna þessar baksviðsmyndir!



Hinn ungi Keda er leikinn af Kodi Smit-McPhee.



Kin

Spennumynd / Vísindaskáldsaga



Aðalhlutverk: Myles Truitt, Jack Reynor, Zoë Kravitz, Dennis Quaid, Carrie Coon og Mark O'Brien **Leikstjórn:** Jonathan og Josh Baker
Bíó: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 31. ágúst



Dennis Quaid leikur Hal sem ásamt eiginkonu sinni ættleiddi Eli, en fyrir áttu þau eldri son, Jimmy, sem fetaði síðan veg afbrota.

Veistu svarið?

Vísindaskáldsögur hafa alltaf verið vinsælt viðfangs efni kvikmyndagerðarmanna, svo að segja frá upphafi. En hver er almennt talin fyrsta Sci-Fi kvikmynd kvikmyndaögunnar og Martin Scorsese fjallaði óbeint um í mynd sinni *Hugo* árið 2011?



Le Voyage dans la Lune sem Georges Méliès gerði árið 1902.

Samstaðan er allt

Kvikmyndaá hugafólk sem kann að meta vísindaskáldsögur á von á góðu í lok ágúst þegar *Kin* kemur í bíó en þar er á ferðinni saga sem er ekki öll þar sem hún kann að sýnast í fyrstu.

Kin segir frá ungum ættleiddum dreng, Eli, sem í leit að málmum sem hann getur notað rekst fyrir tilviljun á einhvers konar frosinn neðanjarðarklefa sem er fullur af líkómum vera sem virðast ekki af þessum heimi. Þar finnur hann einnig einhvers konar byssu sem lítur út fyrir að vera framtíðarútgáfa af riffli. Þegar eitt af „líkunum“ byrjar skyndilega að hreyfa sig flýr Eli af staðnum en tekur byssuna með.

Eldri stjúpbroðir Elis, Jimmy, er nýkominn úr fangelsi eftir að hafa afplánað sex ára dóm fyrir vopnað rán. Hann er staðráðinn í að snúa baki við glæpum en á við þann vanda að stríða að glæpaforinginn Taylor telur hann skulda sér 25 þúsund dollara og krefst þess að fá þá borgaða ekki mikið seinna en strax. Við því getur Jimmy ekki orðið, en þegar Taylor og menn hans búa sig undir að berja hann til óbóta birtist Eli með byssuna og skýtur af henni í fyrsta skipti. Í ljós kemur að byssan er miklu meira en byssa, hún er sannkallað ger-eyðingarvopn sem má alls ekki falla í hendur manna eins og Taylors. Þeir Eli og Jimmy leggja á flótta ásamt dansaranum Milly sem hafði unnið hjá Taylor og áður en þau vita af er lögreglan komin á hæla þeirra líka. Staðan virðist vonlaus og ekki batnar hún þegar verurum sem eiga byssuna mæta á svæðið. En hér er ekki allt sem sýnist ...



Þremmingarnir sem neyðast til að leggja á flótta eru dansmærin Milly, og stjúpbæðurnir Jimmy og Eli. Þau eru leikin af Zoë Kravitz, írsku leikaranum Jack Reynor og nýstirninu Myles Truitt sem spáð er miklum frama.

Punktur

• *Kin* er fyrsta bíómynd bræðranna Jonathans og Josh Baker en þeir höfðu áður vakið mikla athygli með kraftmiklum stuttmyndum sínum og er *Kin* byggð á einni þeirra, *Bag Man*, sem þeir gerðu 2014.



James Franco leikur glæpakónginn Taylor sem vil óður og uppvægur koma höndum yfir byssuna sem Eli fann og hefna sín á honum um leið.

JASON LI RAINN RUBY WINSTON ÓLAFUR DARRI AND CLIFF
STATHAM BINGBING WILSON ROSE CHAO ÓLAFSSON CURTIS

OPENING WIDE

FRUMSÝND 8. ÁGÚST

THE MEG

SAMBÍÓN
EGILSHÖLL

SAMbio.is

SAMBÍÓN